

## Sveitarfélagið Árborg – Heilsueflandi samfélag – stofnun stýrihóps

Á fundi bæjarráðs 26. október 2017 var samþykkt að Sveitarfélagið Árborg myndi sækja um þátttöku í verkefninu Heilsueflandi samfélag sem Embætti landlæknis heldur utan um.

Undirbúningur hefur verið í gangi sl. ár en Embætti landlæknis og sveitarfélagið eru nú tilbúin til undirritunar samkomulags um að Sveitarfélagið Árborg verði „Heilsueflandi samfélag“. Stefnt er á undirritun samninga fljótlega þegar hentug dagsetning finnst.

### Hugmynd að undirritun samnings um heilsueflandi samfélag

- Velja seinnipart t.d mánudag eða þriðjudag kl. 16:30 í íþróttahúsi Vallaskóla. Undirrita með börnum úr íþróttastarfinu (frjálsar, körfubolti og boða frá félagi eldri borgara)
- Stutt kynning um Heilsueflandi samfélag frá embætti landlæknis á eftir fyrir bæjarfulltrúa

Til einfaldrar útskýringar þá má segja að Heilsueflandi samfélag sameinist í þessum þáttum (sjá mynd):

## Hvað er Heilsueflandi samfélag?



Markmiðið er að Sveitarfélagið Árborg verði:

- Eftirsóknaverðara
- Hagkvæmara
- Skilvirkara á öllum stöðum (vinna, skólar o.fl.)
- Öruggara

Eitt af þeim verkefnum sem sveitarfélagið fer af stað með er að stofna stýrihóp sem hefur það hlutverk að vera leiðandi í hugmyndavinnu og mögulega framkvæma ákveðin heilsueflandi verkefni á svæðinu. Eðli málsins samkvæmt þarf hópurinn að fá að þróast en hefur stuðning embætti landlæknis og getur leitað til þeirra sveitarfélaga sem hafa verið í verkefninu lengur eftir fróðleik og reynslu. Stýrihópurinn myndi funda að jafnaði einu sinni í mánuði og er lagt til að fulltrúar fái greitt fyrir fundi líkt og um litla nefnd sé að ræða.

Undirritaður hefur sett saman tillögu að stýrihópnum og hafa þeir sem eru tilnefndir allir samþykkt þátttöku ef bæjarstjórn Árborgar er sammála þessari tillögu. Undirritaður leggur einnig til að skipunartími hópsins sé 1-2 ár og gert sé erindisbréf fyrir hópinn.

Leitaði var til reynslu sveitarfélaga sem hafa verið með sambærilega stýrihópa og eru svipuð að stærð og Árborg. Fjöldi í hópnum er misjafn (5-10 manns) sem og samsetning. Í grunninn er hvert sveitarfélag að horfa á hvað gæti virkað best út frá sinni starfsemi og samfélagi og við þurfum að vera óhrædd við að breyta hópnum ef við teljum aðra samsetningu eða fjölda virka betur.

#### **Tillaga að stýrihóp Sveitarfélagsins Árborgar um verkefnið Heilsueflandi samfélag.**

- Guðmundur Kr. Jónsson, fulltrúi íþróttá- og menningarnefndar, eldri borgari
- Páll Sveinsson, fulltrúi úr grunnskólum Árborgar
- Ásrún Aldís Hreinsdóttir, fulltrúi úr Ungmennaráði
- Díana Gestsdóttir, fulltrúi búsettur á Selfossi og tengd heilsueflandi leikskólum
- Fulltrúi búsettur á Eyrarbakka eða Stokkseyri (í vinnslu)
- Bragi Bjarnason, starfsmaður hópsins

Með þessari samsetningu var horft til þess að ná breiðum hópi úr samfélaginu sem hefur áhuga á lýðheilsu íbúa. Hægt er að bæta við hópinn og velti undirritaður því fyrir sér hvort fulltrúi heilsugæslu og bæjarstjórnar ætti líka að vera í stýrihópnum sem yrði þá sjö fulltrúar auk starfsmanns. Slíkt er vel gerlegt en tel ekki ráðlegt að fara í fjölmennari hóp en það heldur frekar að hópurinn geti kallað og leitað til fulltrúa úr fagstéttum, félagasamtökum og fleiri aðila sem snerta samfélagið okkar.

Bragi Bjarnason  
menningar- og frístundafulltrúi